



Ökutækjategygging kaskó

Skilmáli nr. BK10

Tryggjandi er VÍS tryggingar hf., kt. 670112-0470, hér eftir nefnt „VÍS“.

Um trygginguna gildir:

- Skírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmáli þessi nr. BK10.
- Almennur skilmáli VÍS nr. YY10.
- Lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.
- Skilmálar Ökuvísir.

Skírteini og endurnýjunarkvittun ganga framar skilmálum. Skírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálar ganga framar frávikjanlegum lagaákvæðum.

Ökuvísir er tryggingaleið í ökutækjategyggingum sem einstaklingum stendur til boða til að tryggja einkabíla. Velji þeir þá tryggingaleið fá þeir aðgang að sérsniðnu smáforriti (hér eftir „smáforritið“) og mælitæki (hér eftir „mælitækið“) sem nemur aksturslag og gefur því aksturseinkunn. Þannig geta tryggingatakar haft áhrif á það verð sem greitt er fyrir lögboðna ökutækjategyggingu og kaskótryggingu í gegnum aksturseinkunn sína (tryggingaleiðin er hér eftir nefnd „Ökuvísir“). Nánar er fjallað um verðlagningu í Ökuvísi í grein 10.1 og undirgreinum í skilmála þessum.

Við vitum að þú elskar bílinn þinn og vilt aðeins það besta fyrir hann. Öll getum við þó lent í óhappi í umferðinni eða lent í aðstæðum sem leiða til tjóns. Kaskótrygging bætir öll tjón á bílnum þínum nema annað sé tekið fram í skilmála eða skírteini.

Skilmáli segir til um hvaða réttindi og skyldur þú og VÍS hafið.

Skírteini staðfestir að þú hafir keypt tryggingu hjá VÍS. Skírteinið er ávallt aðgengilegt með því að skrá sig inn á vis.is.

1. Hvað er tryggt?

1.1 Tryggingin gildir fyrir það ökutæki sem tilgreint er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

2. Hver er tryggður?

2.1 Eigandi ökutækis er tryggður.

3. Hvar gildir tryggingin?

3.1 Tryggingin gildir á Íslandi og á ferðalagi á Evrópska efnahagssvæðinu, Bretlandi og Sviss í allt að 92 daga frá brottfarardegi ökutækisins frá Íslandi, að viðbættum þeim tíma sem nauðsynlegur flutningur á milli þessara landa tekur, enda sé um árstryggingu að ræða.

4. Hvað bætir tryggingin?

- 4.1 Tryggingin bætir tjón á ökutækinu vegna skyndilegra, utanaðkomandi atvika, sem ekki eru sérstaklega undanskilin í þessum skilmála.
- 4.2 Tryggingin bætir tjón á ökutækinu vegna eldsvoða. Það telst ekki eldsvoði ef hlutir sviðna eða bráðna ef eldur er ekki laus.
- 4.3 Tryggingin bætir þjófnað og tilraun til þjófnaðar á ökutækinu eða hlutum þess, ef þjófnaður hefur tafarlaust verið kærður til lögreglu.
- 4.4 Skemmdarverk, ef þau hafa tafarlaust verið tilkynnt til lögreglu.
- 4.5 Tryggingin bætir einnig kostnað við björgun eða flutning til næsta viðgerðarverkstæðis sem VÍS fellst á ef ökutæki verður óökuhæft vegna bótaskylds tjóns á Íslandi.

5. Hvað bætir tryggingin ekki?

5.1 Tryggingin bætir ekki:

- a) Tjón sem verður á ökutæki við akstur á vegum eða vegarköflum þar sem bannað er að aka ökutækjum samkvæmt fyrirmælum rétttra yfirvalda, eða við akstur yfir óbrúaðar ár og læki, um fjörur, forvaða eða aðrar vegleysur, nema það sannist að skemmdir hafi orðið vegna þess að ökumaður hefur orðið að fara út fyrir akbraut, t.d. vegna viðgerðar á akbrautinni. Tryggingin bætir þó tjón á dráttarvélum, torfærutækjum og sérútbúnum jeppabifreiðum við akstur yfir óbrúaðar ár og læki, um fjörur, forvaða og aðrar vegleysur.
- b) Bilun á ökutæki eða búnaði þess nema hana megi rekja til bótaskylds

Þegar þú kaupir kaskótryggingu ert þú að tryggja ökutækið þitt fyrir tjóni. Þú sem eigandi ökutækisins ert tryggður.



atburðar skv. grein 4 að framan.

- c) Tjón á undirvagni, ásamt öllum þeim véla- og rafbúnaði sem þar er að finna, ef ekið er á landsvegum eða stofnvegum um hálendi og tjónið er að rekja til þess að laust grjót hrekkur upp undir ökutækið eða það rekst niður á ójöfnum, í holu eða á grjóti við akstur. Þetta á einnig við um akstur yfir óbrúaðar ár, læki og slóða.
- d) Ákomur á undirvagni, vél- og rafbúnaði, dekkjum eða felgum ökutækis sem rýra ekki notagildi, jafnvel þótt ábyrgð framleiðanda falli niður við ákomu. Hér er t.d. átt við rispúr, beyglur, höggsár, sveigjur eða núningsmerki.
- e) Tjón á yfirborði ökutækis vegna hefðbundins steinkasts af vegi eða þegar steinar/grjót falla af öðrum ökutækjum. Þó bætist tjón á glerþaki, hafi það áhrif á burðarvirki ökutækisins. Með hefðbundnu steinkasti er átt við þann atburð þegar lausir steinar á vegi skjótast undan öðru ökutæki á hið tryggða ökutæki.
- f) Tjón eða þjófnað á hvers kyns aukaútbúnaði ökutækisins, t.d. staðsetningar- og fjarskiptatækjum, hleðslubúnaði, vörulyftum og krönum vörubifreiða, lausum toppgrindum og farangurskössum, filmur, málaðar auglýsingar og myndir, nema um annað sé samið og tilgreint í skírteini.
- g) Tjón sem verða á ökutækinu vegna þátttöku í aksturskeppni eða við æfingu í akstursíþrótt, hvort sem æfingin er fyrir keppni eða ekki.
- h) Tjón á ökutækinu vegna gæludýra.
- i) Tjón á strokkum, kæli-, raf- eða vélarbúnaði ökutækis sem verða vegna frosts eða hita, hvort sem um er að ræða vegna veðráttu eða hitastigs í geymsluhúsnæði.
- j) Tjón vegna skorts eða rangrar notkunar á smurefnum, hreinsi- eða bónefnum, kæliefnum, eldsneyti eða notkunar á rafbúnaði, s.s. vegna notkunar rangs eða óviðurkennds hleðslubúnaðar.
- k) Tjón eða slit á ökutæki, lakki, lakkvörn, dekkjum, felgum eða öðrum einstökum hlutum, vegna notkunar, t.d. tæring, ryðbruni og annað hefðbundið slit.
- l) Tjón á tengivögnum eða öðrum tækjum sem hafa verið tengd eða skeytt við ökutæki.
- m) Tjón vegna foks á lausum jarðefnum, t.d. sandi, mól eða mold.
- n) Tjón á dekkjum eða felgum sem stafa af hefðbundnum núningi eða sliti í akstri og meðferð ökutækis. Með hefðbundnum núningi og sliti er átt við það þegar dekk og felgur rekast í hvers kyns götubrúnir, fastar hindranir, nagla eða steina í venjulegum akstri þannig að eingöngu verði af útlitslýti eða sprungið dekk.
- o) Tjón af völdum þess að vatn flæðir inn í ökutæki eða vélarrými utan bundins slitlags og tjón á bundnu slitlagi ef greinilegt er að vatn hefur safnast fyrir á vegi eða sérstaklega hefur verið varað við hættu á því.
- p) Tjón eða þjófnað á lykli eða annarri aðgangsstýringu.
- q) Tjón sem rekja má til umgengni, t.d. reykinga og neyslu matar og drykkja.
- r) Tjón á ökutækinu vegna flutnings á farmi nema tjónið megi rekja til bótaskylds atburðar.

5.2 Tryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint er vegna jarðskjálfta, eldgoss eða annarra náttúruhamfara. Þó bætir tryggingin tjón vegna grjóthruns, skriðufalla, snjóflóðs úr fjallshlíð, aur- eða vatnsflóðs og eldingar.

6. Varúðarreglur

- 6.1 Ökumaður hins tryggða ökutækis skal hafa þau ökuréttindi og kunnáttu sem krafist er til þess að aka því.
- 6.2 Ökumaður skal vera í andlegu og líkamlegu ástandi til þess að geta stjórnað ökutækinu örugglega og skal ekki vera undir áhrifum áfengis, ávana- eða fíkniefna né annarra örvandi eða deyfandi efna við notkun ökutækis.
- 6.3 Ökutæki skal vera læst þegar enginn er í því og geyma skal lykla á öruggum stað.
- 6.4 Fara skal eftir fyrirmælum framleiðanda ökutækis um losun á farmi.
- 6.5 Við hífingar með áföstum krana ökutækisins skal fara eftir fyrirmælum framleiðanda um notkun kranans og gæta þess að nota hífingafestingar sem eru gerðar fyrir þá þyngd sem lyft er.
- 6.6 Ekki skal nota ökutæki til annars aksturs en þess sem getið er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 6.7 Tryggður skal viðhalda ökutæki í samræmi við fyrirmæli og leiðbeiningar framleiðanda.



- 6.8 Tryggður skal fara eftir opinberum fyrirmælum um skoðun ökutækisins og sjá til þess að það uppfylli kröfur um gerð og búnað á hverjum tíma.
- 6.9 Tryggður skal sjá til þess að öryggisbúnaður ökutækis sé ávallt í lagi.
- 6.10 Tryggður og sá sem með samþykki tryggðs er ábyrgur fyrir ökutæki skal geyma ökutækið þannig að ekki sé hætt á að það fjúki í slæmum veðurskilyrðum. Ekki skal nota ökutækið við akstur á svæðum þar sem varað hefur verið við akstri ökutækja vegna óveðurs eða þar sem vindstyrkur mælist sannanlega yfir 24,5 m/sek samkvæmt mælingum Veðurstofunnar.

7. Breytt notkun á ökutæki

- 7.1 Tilkynna ber VÍS tafarlaust ef notkun ökutækis breytist frá því sem kemur fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun, þar sem notkun hefur áhrif á verð tryggingarinnar. Vanræksla á þessari tilkynningarskyldu getur valdið því að ábyrgð VÍS lækki í hlutfalli við verð miðað við breytta notkun.

Dæmi um **breytta notkun** er ef ökutæki er notað í atvinnurekstri, akstursþróttum eða í útleigu.

8. Aðgangur að upplýsingum

- 8.1 Hafi tjónsatburður orðið er tryggðum eða hverjum þeim sem gerir kröfur um bætur í trygginguna skyld að varðveita og veita VÍS aðgang að hljóð- og myndupptökum og hvers kyns rafrænum upplýsingum sem skráðar eru í tölvubúnaði ökutækisins eða aukabúnaði þess.

9. Háttsemi annarra

- 9.1 VÍS er heimilt að bera fyrir sig háttsemi aðila sem með samþykki skráðs eiganda eða umráðamanns er ábyrgur fyrir hinu tryggða ökutæki.
- 9.2 Í atvinnurekstri getur VÍS borið fyrir sig háttsemi stjórnanda hins tryggða og stjórnanda hins tryggða ökutækis.

10. Verð

- 10.1 Verð í tryggingaleiðinni Ökuvís:
- 10.1.1 Ákvarðast af mælingum frá tilheyrandi smáforriti og mælitæki.
- 10.1.2 Er reiknað út frá grunnverði, sem er hámarksverð fyrir trygginguna og ákvarðast af verðmæti ökutækisins og eigin áhættu, og breytilegum þáttum sem eru aksturseinkunn og eknir kílómetrar. Tryggingartaki getur reiknað út hvernig breytilegir þættir geta haft áhrif á verðið í reiknivél í smáforritinu og með því að kanna verðskrá Ökuvísis sem aðgengileg er á heimasíðu VÍS, vis.is.
- 10.1.3 Tekur mið af breytilegum þáttum sem geta haft áhrif til lækkunar á grunnverði og eru reiknaðir út fyrir hverja 30 daga innan tryggingatímabilsins.
- 10.1.4 Miðast við grunnverð ef tryggingartaki tengist ekki mælitæki innan 60 daga frá umsókn tryggingar, slekkur á mælitækinu, smáforritinu eða reynir á annan hátt að hafa áhrif á útreikning eða aksturseinkunn.
- 10.1.5 Grunnverðið breytist við endurnýjun tryggingarinnar í samræmi við breytingar á vísitölu og verðskrá VÍS.

11. Afskráning

- 11.1 Ef ökutækið er afskráð fellur tryggingin úr gildi þegar afskráning hefur átt sér stað.

12. Ákvörðun bóta

- 12.1 Fjárhæð bóta ræðst af verðmæti ökutækisins. Verðmæti ökutækis er sú upphæð sem sambærilegt ökutæki að tegund, aldri og gæðum kostaði á almennum markaði á tjónsdegi, miðað við staðgreiðsluviðskipti.
- 12.2 Fjárhæð bóta samkvæmt grein 12.1 getur þó aldrei orðið hærri en sú upphæð sem kemur fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun, ef hún er tilgreind þar. Tryggður skal ekki hagnast á tjónsatburði. Tryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón tryggðs.
- 12.3 VÍS er heimilt að afskrifa verðmæti eftirfarandi hluta vegna aldurs, notkunar og annarra atriða sem haft geta áhrif á verðmæti hlutarins. Afskriftir geta ekki orðið meiri en fram kemur í töflunni hér á eftir:

| Tegund | Afskrifast á | Afskriftir | Hámarksafskriftir |
|---|------------------|------------|-------------------|
| Lakkvörn, s.s. keramikhúðun, varanleg bótnhúðun | 12 mánaða fresti | 33,33% | 100% |

- 12.4 VÍS greiðir bætur fyrir altjón ef:
- 12.4.1 Ökutækið verður fyrir svo miklum skemmdum að VÍS álitur ekki borga sig að gera við það.
- 12.4.2 Ökutækinu er stolið og það hefur ekki fundist innan fjögurra vikna frá því að VÍS var tilkynnt um atburðinn.
- 12.5 Verði altjón á ökutæki ræður VÍS hvort það:
- 12.5.1 Greiði verðmæti ökutækisins gegn afsali.



- 12.5.2 Greiði mismun á verðmæti ökutækis fyrir og eftir tjón.
- 12.5.3 Útvegi annað ökutæki sömu tegundar sem er sambærilegt að aldri og gerð. Kjósi VÍS að útvega annað ökutæki hefur það heimild til að gera tilkall til afsals úr hendi tryggingartaka fyrir hinu skemmda ökutæki.
- 12.6 Bætur fyrir tjón að hluta:
 - 12.6.1 Verði tjón á ökutækinu án þess að skilyrði greina 12.4-12.5 séu fyrir hendi greiðir VÍS kostnað við að gera við ökutækið að svo miklu leyti sem unnt er, þannig að það sé í sama eða svipuðu ástandi og fyrir tjón. Það telst fullnaðarviðgerð þó að sjá megi að gert hafi verið við ökutækið.
 - 12.6.2 Verði tjón á hjólbörðum og/eða felgum greiðir VÍS aðeins bætur fyrir þá hjólbarða/felgur sem urðu fyrir tjóni, þó að skipta þurfi um aðra/-r.
 - 12.6.3 VÍS hefur rétt til að greiða annað hvort viðgerðarkostnað hjá verkstæði sem VÍS samþykkir eða bætur fyrir áætlaðan viðgerðarkostnað.
 - 12.6.4 VÍS greiðir ekki bætur vegna skemmda sem voru á ökutæki fyrir tjónsatburð.
 - 12.6.5 VÍS bætir ekki lækkun á markaðsverði ökutækisins, óbeint tjón, svo sem afnotamissi, aukaútgjöld vegna vinnu utan venjulegs vinnutíma eða aukakostnað vegna sérpantana á varahlutum.
 - 12.6.6 VÍS er ekki skylt að greiða fyrir viðgerð sem hafin er án samþykkis þess.

13. Framsal

- 13.1 Framsal réttinda samkvæmt tryggingarsamningi er háð samþykki VÍS.

Það sem fram kemur á hægri spássíu er eingöngu til leiðbeiningar fyrir viðskiptavini en er ekki hluti af texta skilmálans og ekki ætlað til túlkunar einstakra greina hans.